

Alþingi
Erindi nr. P 131/1722
komudagur 29.4.2005

Arnþrúður Karlsdóttir

From: Arnþrúður Karlsdóttir [ak@hradpostur.is]
Sent: 29. apríl 2005 00:04
To: nefndasvid@althingi.is; ak@hradpostur.is; Arnþrúður Karlsdóttir
Subject: Útvarp Saga, Kringlunni 7, 105 Rvík.

Útvarp Saga ehf, sendir hér með menntamálanefnd Alþingis umsögn vegna frumvarps til laga um Ríkisútvarpið sf. mál nr. 643.

Frombreyting og ótakmörkuð ríkisábyrgð

Skv. 2.mgr.1.gr.frumvarpsins er gert ráð fyrir að íslenska ríkið verði í einfaldri ábyrgð fyrir öllum skuldbindingum Ríkisútvarpsins sf. Ljóst er að þessi tilhögun mun skapa Ríkisútvarpinu sf. yfirburðarstöðu gagnvart öðrum fjölmiðlum í landinu. Sameignarrekstrarformið hefur verið valið til þess að tryggja ótakmarkaða ábyrgð ríkissjóðs á fjárskuldbindingum fyrirtækisins.

Fyrirtækið getur þess vegna lagt út í áhættusöm verkefni án þess að þurfa að óttast gjaldþrot eða skerta greiðslugetu. Jafnframt fær fyrirtækið mun hagstæðari lánakjör en keppinautarnir vegna ríkisábyrgðarinnar.

Með því að leita til menntamálaráðherra og fá samþykki hans getur fyrirtækið nánast tekið ótakmörkuð lán, á betri kjörum en samkeppnisaðilar.

Þessi forréttindi eru sérstaklega alvarleg í ljósi þess að Ríkisútvarpinu sf. er heimilað að standa að stofnun og gerast eignaraðili að öðrum félögum og fyrirtækjum sbr. 2. mgr. 3.gr. frumvarpsins. Enga skilgreiningu er að finna í frumvarpinu um það hvaða fyrirtæki eða félög Ríkisútvarpinu sf. er heimilað að stofnsetja.

Þessi forréttindastaða sem frumvarpið veitir Ríkisútvarpinu sf. getur auðveldlega leitt til þess að fyrirtækið endurheimti einokunarstöðu sína, sem ríkti áður en ríkiseinokuninni á fjölmiðlum var aflétt 1985.

Skv. núgildandi lögum um Ríkisútvarpið getur fyrirtækið ekki sett á laggirnar félög og fyrirtæki til þess að ryðja samkeppnisaðilum sínum út af markaði eins og framkomið frumvarp gefur hinsvegar möguleika á.

Stefnan sem mörkuð er með frumvarpi þessu er í hrópandi andstöðu við þá þróun í viðskipta- og samkeppnismálum sem átt hefur sér stað í viðskiptalífi landsmanna á síðustu árum. Með frumvarpinu er stefnt að því að stórauka umsvif Ríkisútvarpsins og mun þessi útpensla koma niður á starfsemi einkarekinna útvarpsstöðva.

Framkomið frumvarp er því atlaga að sjálfstæðum og óháðum fjölmiðlum og verði frumvarpið samþykkt mun það skerða verulega skoðana- og tjáningarfrelsi landsmanna.

Frumvarp þetta er samið á vegum menntamálaráðuneytisins. Ekki kemur fram í athugasemdum við lagafrumvarpið hvaða aðilar í menntamálaráðuneytinu sömdu það. Við gerð og undirbúning þess voru hagsmunaaðilar ekki kallaðir til né heldur óháðir fjölmiðlasérfræðingar. Verður að teljast með öllu óeðlilegt, að óháðir aðilar komi ekki að gerð frumvarpsins, sérstaklega þegar haft er í huga það sjónarmið sem fram kemur í greinargerð með frumvarpinu en þar segir m.a.:

"Menntamálaráðuneytið hefur um nokkurt skeið unnið að tillögum til breytinga á lagaákvæðum um Ríkisútvarpið og flytur nú menntamálaráðherra frumvarp þetta í framhaldi af þeirri vinnu og í samræmi við ósk menntamálanefndar Alþingis. Því frumvarpi sem hér liggur fyrir og útvarpslögum nr. 53/2000 er ætlað að mynda heildarlöggjöf um útvarpsmálefni hér á landi"

2.5.2005

Það hlýtur að teljast óvandaður undirbúningur við endurskoðun á heildarlöggjöf um málefni útvarps á Íslandi og illskiljanlegt, að eingöngu embættismenn í menntamálaráðuneytinu skuli annast gerð og undirbúning slíkrar löggjafar.

Um útvarpsþjónustu í almannapágu og tekjustofna Ríkisútvarpsins sf.

Með framkomnu frumvarpi er verið að breyta eðli og hlutverki Ríkisútvarpsins. Skv. frumvarpinu verður Ríkisútvarpinu breytt úr ríkisstofnun í einkafyrirtæki í eigu ríkisins sem keppir við önnur fjölmiðlafyrirtæki á opnum markaði.

Í greinargerðinni með frumvarpinu er þetta orðað þannig:

"Þar sem ríkið rekur útvarpsstarfsemi verður að gera þá kröfu að sá rekstur sé eins hagstæður og við verður komið. Þykir þetta best verða gert þannig að fjárhagslegum rekstri fyrirtækisins verði hagað sem líkast rekstri einkafyrirtækis og þá í sameignarfélagsformi."

Ríkisútvarpið sf. mun því starfa eins og hvert annað einkarekið fjölmiðlafyrirtæki á samkeppnismarkaði m.a. með því að afla sem flestra viðskiptavina, lúta kröfum markaðarins um efni og framsetningu og keppa við einkastöðvarnar um viðskiptavinum og hlustendum.

Í þessari samkeppni fær Ríkisútvarpið sf. í forgjöf tekjur að fjárhæð krónur 2.470.000.000.-á ári hverju með sérstöku gjaldi sem skattstjórar leggja á samhliða álagningu opinberra gjalda. Þessi forrettindastaða Ríkisútvarpsins er réttlætt og rökstudd með því að um sé að ræða útvarpsþjónustu í almannapágu og eru skyldur þess þar að lútandi tilgreindar í 3. mgr. 3. gr. frumvarpsins.

Þessi ákvæði í frumvarpinu eru fyrst og fremst leiðbeiningareglur en ekki valdbundnar réttarreglur í hefðbundnum skilningi, þar sem enginn hefur eða getur haft eftirlit með því að þeim sé framfylgt eða með öðrum hætti beitt raunhæfum lagaúrræðum til þess að tryggja að reglurnar verði virtar. Enga kæruleið er að finna í lögnum fyrir almenning, sem hefði hug á að kvarta yfir því, að útvarpsþjónustan væri ekki rekin í almannapjónustu í samræmi við ákvæði 3. mgr. 3. gr. frumvarpsins.

Formbreytingin hefur þau áhrif að reglur og lög um ríkisreknar stofnanir gilda ekki lengur um Ríkisútvarpið, sem þarf t.d. ekki að hlýta fyrirmælum stjórnisýsu- og upplýsingalaga.

Af framangreindu má vera ljóst, að leiðbeiningarreglurnar í 3. mgr. 3. gr. frumvarpsins hafa afar takmarkað gildi ekki síst þegar samkeppnishagsmunir fyrirtækisins stangast á við þær. Þær virðast eingöngu þjóna þeim tilgangi að vera átylla til þess að réttlæta forrettindastöðu Ríkisútvarpsins sf. Sérstaða Ríkisútvarpsins sf. sem sameignarfélags þýðir í raun að fyrirtækið mun starfa án raunhæfrar lagaábyrgðar og eftirlits að þessu leyti.

Að lokum vill Útvarp Saga ehf. taka það fram að skv. frumvarpinu munu útvarpsstöðvar á vegum Ríkisútvarpsins sf. selja áfram auglýsingar og er sú röksemd sett fram í greinargerðinni með frumvarpinu að litlar útvarpsstöðvar hafi ekki bolmagn að koma á fót sendum um allt land. Hvernig eiga litlar stöðvar að hafa fjármagn til þess að setja upp senda um landið og standa straum af þeim kostnaði þegar verið er að styrkja forrettindastöðu Ríkisútvarpsins með lögum frá Alþingi Íslendinga??

Virðingarfyllt,


 Arnþrúður Karlsdóttir
 Útvarpsstjóri Útvarps Sögu ehf